

Viðhorfskönnun skólaárið 2005-2006

**Afstaða foreldra til starfs og
starfsaðstæðna í grunnskólum
Akureyrarbæjar**

Ingólfur Ármannsson
Trausti Þorsteinsson



Akureyri, júní 2006

Afstaða foreldra til starfs og
starfsaðstæðna í grunnskólum
Akureyrarbæjar

Viðhorfskönnun skólaárið 2005–2006

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
1 Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd.....	4
2 Niðurstöður.....	6
2.1 Líðan og árangur nemenda	6
2.2 Tengsl foreldra við skóla barna sinna.....	8
2.3 Árangur starfs.....	10
2.4 Þjónusta skólans við nemendurna	12
2.5 Aðbúnaður í skólunum	13
2.6 Viðhorf til skólans.....	14
3 Umræða.....	16
4 Lokaorð.....	20
5 Fylgiskjal.....	21

Myndir

Mynd 1 Líðan nemenda í skólanum.....	6
Mynd 2 Árangur nemenda í samræmi við væntingar.	7
Mynd 3 Er viðhorf barnsins þíns til skólans jákvætt?.....	7
Mynd 4 Foreldrar þátttakendur í ákvörðunum.....	9
Mynd 5 Foreldrar fylgjast vel með heimanámi.....	9
Mynd 6: Tengsl kennara við foreldrana.....	10
Mynd 7 Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar.....	11
Mynd 8 Viðfangsefni barnanna eru áhugaverð.....	12
Mynd 9 Skólinn kemur til móts við þarfir barnanna.....	13
Mynd 10. Aðbúnaður nemenda í skólunum.....	14
Mynd 11: Viðhorf foreldra til skólans.....	15

Töflur

Tafla 1 Líðan og árangur nemenda.....	6
Tafla 2 Þátttaka foreldra í skólastarfi.....	8
Tafla 3 Frammistaða kennara.....	11
Tafla 4 Þjónusta skólans við nemendur.....	12
Tafla 5: Ánægja foreldra með grunnskólann 2001–2006.....	16
Tafla 6: Afstaða foreldra til þess hvernig skólinn mætir þörfum barnanna.....	17
Tafla 7: Þátttaka foreldra í námi barna sinna 2002–2006.....	18

Inngangur

Könnun þessi á viðhorfi foreldra barna í grunnskólum á Akureyri var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin lýtur í meginatriðum að viðhorfum foreldra til starfs og starfsaðstæðna í skólunum skólaárið 2005–2006. Spurningalistar voru lagðir fyrir foreldra á tímabilinu janúar til mars 2006. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA annaðist úrvinnslu úr svörum og fékk Ingólf Ármannsson, fv. skóla- og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar, til þess verks.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir alla foreldra barna í grunnskólunum sem náðist til.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og foreldrunum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi grunnskólanna í bæjarfélaginu.

Akureyri í júní 2006.

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

1 Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd

Í nýsamþykktri skólustefnu Akureyrarbæjar er greint frá fjórum hornsteinum sem nám í skólum bæjarfélagsins skal hvíla á. Þessir hornsteinar eru þekking, leikni, virðing og vellíðan. Áhersla er lögð á jafnan rétt til náms þar sem fjölbreyttar kennsluaðferðir eru nýttar til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Í stefnunni er jafnframt hvatt til aukinnar þátttöku foreldra í skólastarfinu og bent á forystuhlutverk skólanna í því sambandi. Markmið skólanna er að leggja grunn að farsælli framtíð barna og unglinga með faglegu og framsæknu starfi en hvort tveggja, vellíðan nemenda og þátttaka foreldra, eru taldar mikilvægar forsendur þess.

Í samræmi við áherslur sem settar eru fram í skólustefnunni hefur skólanefnd Akureyrarbæjar haft frumkvæði að gerð viðhorfskannana í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Jafnframt var á skólaárinu 2005–2006 unnið að gerð stefnu- og skorkorts á vegum Akureyrarbæjar þar sem markmið voru sett og viðmið og mælikvarðar mótuð til að meta árangur í rekstri og þjónustu skólanna í bæjarfélaginu. Í stefnukorti skólanefndar 2006 er m.a. að finna eftirfarandi markmið:

- Að foreldrar nemenda í leik-, grunn- og Tónlistarskóla séu ánægðir með þá þjónustu og menntun sem börn þeirra fá í skólunum.
- Líðan nemenda í skólunum sé góð.
- Að skólahúsnaði og búnaður uppfylli kröfur um starfsemina á hverjum tíma.
- Foreldrar taki virkan þátt í stefnumótun og ákvörðunum um kennslu barna sinna, t.d. með því að fá að segja skoðun sína á tilhögun kennslu og starfs áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir.
- Markviss kynning ákvarðana og greiður aðgangur foreldra og starfsmanna að upplýsingum til að málsaðilar fái tímanlega skýra mynd af ákvörðunum.

Settar eru fram viðmiðanir um árangur og þá er í skorkorti birtur árangursmælikvarði til að meta hversu vel hafi tekist að ná markmiðum stefnukortsins. Til að meta þjónustu grunnskólanna og viðhorf foreldra til starfs og starfsaðstæðna í grunnskólum í bænum ákvað skólanefnd að gera könnun meðal foreldra grunnskólabarna á Akureyri. Megintilgangur könnunarinnar er að leita svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu:

Hversu ánægðir eru foreldrar með starf grunnskólanna og starfsaðstæður þeirra?

Til að geta skoðað breytingar á afstöðu foreldra til skólanna var ákveðið að könnunin skyldi verða hliðstæð könnunum sem gerðar voru skólaárin 2002–2003 og 2003–2004. Í samvinnu skóladeildar og skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA var spurningalisti, sem þá var lagður fyrir, endurskoðaður og bætt við nokkrum spurningum sem mikilvægar þóttu til að geta sem best svarað rannsóknarspurningunni (sjá fylgiskjal). Að þessu sinni skyldi könnunin einungis lögð fyrir foreldra í grunnskólum en í báðum hinum fyrri var spurningalistinn einnig lagður fyrir foreldra barna í leikskólum.

Til að auðvelda framkvæmd könnunarinnar var forritið Glerverk notað, en það hefur reynst vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk býður upp á að forrita spurningalista sem þátttakendur geta svarað í tölvu. Forritið getur svo birt samantektarniðurstöður strax að svörum lokinni. Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar hjá sér. Könnunin fór

fram í janúar til mars 2006 og var óskað eftir því að foreldrar svöruðu spurningalistunum á tölvunni og var svörum safnað saman í eina skrá. Kannanirnar voru yfirleitt framkvæmdar á foreldradögum í grunnskólunum.

Í spurningunum voru foreldrar beðnir um að taka afstöðu til tiltekinna atriða með því að merkja við hversu sammála eða ósammála þeir voru þeim fullyrðingum sem koma fram í spurningunum. Svarmöguleikarnir voru fimm (*mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála, mjög ósammála* eða *veit ekki*). Jafnframt var spurt nokkurra spurninga sem foreldrar voru beðnir að svara með því að merkja við *já* eða *nei*. Ef fólk taldi sig ekki vita gat það merkt við valmöguleikann *veit ekki*. Í spurningalistunum voru svarendur beðnir um að merkja við í hvaða bekk barn þeirra væri og í hvaða skóla og jafnframt hvort móðir eða faðir svöruðu.

Úrvinnsla könnunarinnar var í höndum skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Við úrvinnslu var svörum frá öllum skólum steipt saman í eitt gagnasafn og beitt lýsandi aðferðum við úrvinnslu á því. Niðurstöður úr svörum við einstökum spurningum eru settar fram ýmist í töflum eða myndum.

2 Niðurstöður.

Fjöldi foreldra sem svöruðu könnuninni var 1.313. Til samanburðar voru alls 2.629 börn í grunnskólunum skólaárið 2005–2006. Óskað var eftir að foreldrar svöruðu sérstaklega fyrir hvert barn sitt þannig að heildarsvörun hefði átt að vera sú sama og fjöldi barna í skólunum. Í ljósi þessa er þátttaka í könnuninni aðeins um 50% foreldra. Gera má ráð fyrir að einhverjum hafi fundist nóg að svara listanum einu sinni. Þrátt fyrir að þátttaka sé í lágmarki hafa niðurstöður könnunarinnar verulegt upplýsingargildi þar sem hér er ekki um úrtaksrannsókn að ræða heldur spurningar lagðar fyrir þýðið í heild.

2.1 Líðan og árangur nemenda.


Í töflu 1 kemur fram að 94,9% svarenda segist sammála því að börnum þeirra líði vel í skólanum og 91,6% svarenda telja árangur barna sinna í samræmi við væntingar sínar.

Tafla 1 Líðan og árangur nemenda.

	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>	<i>Veit ekki</i>
Líður vel í skólanum	53,5%	41,4%	4,0%	0,8%	0,2%
Árangur í samræmi við væntingar	52,3%	39,3%	7,0%	1,1%	0,4%
Meðaltal:	52,9%	40,3%	5,5%	0,9%	0,3%

Í hliðstæðri könnun 2002–3 var niðurstaðan 92,4 % og í könnun 2003–4 var niðurstaðan 94,1 % varðandi líðan barnanna og í spurningum um árangur nemenda voru niðurstöðurnar 89,8 % í báðum könnunum. Þetta gefur til kynna að ánægja foreldra hefur aukist milli kannana.


Þegar svör foreldra eru skoðuð með tilliti til þess á hvaða skólastigi barn þess er kemur fram örlítill munur á afstöðu þeirra eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1 Líðan nemenda í skólanum

Á mynd 1 sést að hlutfallslega fleiri foreldrar nemenda í 1.–4. bekk eru mjög eða frekar sammála því að börnum þeirra líði vel í skólanum. Ekki er hins vegar mikill munur á afstöðu foreldra nemenda í 5.–7. bekk annars vegar og 8.–10. bekk hins vegar.


Varðandi spurninguna um hversu sammála foreldrar eru því að árangur nemenda sé í samræmi við væntingar þeirra, þá kemur fram á mynd 2 svipuð niðurstaða og á spurningu um líðan nemenda.



Mynd 2 Árangur nemenda í samræmi við væntingar.

95% foreldra barna í 1.–4. bekk lýsa sig sammála því að árangur sé í samræmi við væntingar þeirra 93% foreldra nemenda í 5.–7. bekk en síst gætir samþykkis hjá foreldrum 8.–10. bekkjar, en 84,8% segjast sammála.

Þegar foreldrar eru spurðir um viðhorf barna sinna til skólans kemur í ljós að almennt virðast foreldrar telja að það sé jákvætt (mynd 3).



Mynd 3 Er viðhorf barnsins þíns til skólans jákvætt?

Um 88% foreldra játar því að viðhorf barna sinna til skólans sé jákvætt. Athygli vekur að þótt hátt hlutfall foreldra svari játandi þá eru samt rúmlega 8% (100 svarendur) sem svara neitandi.

2.2 Tengsl foreldra við skóla barna sinna.

Í spurningalista var leitað eftir því hvernig foreldrar mætu aðild sína að námi og starfi barna sinna. Spurt var hversu sammála foreldrar væru því að þeir fengju að vera þátttakendur í ákvörðunum er varða nám barnsins síns, hvort þeir fylgdust vel með heimanámi barnsins síns, hvort unnið sé skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu og hversu sammála þeir væru því að þeir hefðu meiri áhrif á skólastarfið en þeir höfðu á síðasta ári. Í töflu 2 kemur fram afstaða foreldra til þessara spurninga.


Tafla 2 Þátttaka foreldra í skólastarfi.

	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>	<i>Veit ekki</i>
Þú færð að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins þíns.	29,6%	45,6%	15,3%	4,8%	4,8%
Þú fylgist vel með heimanámi barnsins þíns.	59,4%	34,5%	4,7%	0,9%	0,5%
Foreldrar hafa tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu	29,9%	53,0%	9,3%	1,3%	6,5%
Við höfum meiri áhrif á skólastarfið í ár en í fyrra	12,4%	40,6%	16,3%	2,3%	28,4%
<i>Samtals</i>	32,8%	43,4%	11,4%	2,3%	10,1%

Almennt virðast foreldrar telja sig hafa nokkra aðild að skólastarfi barna sinna. Að meðaltali sögðust 76% foreldra sammála ofangreindum spurningum. Rúm 75% svarenda eru mjög eða frekar sammála því að þeir fái að vera þátttakendur í ákvörðunum varðandi nám barns síns en um 20% eru því ósammála. Þá telja langflestir foreldranna, eða um 94%, að þeir fylgist vel með heimanámi barna sinna. 83% foreldra eru sammála því að þeir hafi tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu en aðeins 53% töldu sig hafa meiri áhrif á skólastarfið í ár en á síðasta ári. 18,6% segist ósammála því en hins vegar segjast rúm 28% sig ekki vita það.

Í hliðstæðum könnunum árin 2002–3 og 2003–4 var afstaðan til tveggja fyrri spurninganna nánast sú sama. Þá töldu bæði árin um 72% svarenda sig vera þátttakendur í ákvörðunum er varðaði nám barna sinna og um 93% og 92% kváðust fylgjast vel með heimanámi barna sinna.


Þegar svörun við því hvort foreldrar telji sig vera þátttakendur í ákvörðunum er varðar nám barna sinna er greint eftir því á hvaða aldri börn þeirra eru kemur örlítill munur fram í afstöðu svarenda (mynd 4).



Mynd 4 Foreldrar þátttakendur í ákvörðunum.

Eftir því sem börnin eldast virðast foreldrar síður telja sig þátttakendur í ákvörðunum er varðar nám barna sinna. 17% foreldra barna á yngsta stigi segjast ósammála því að þeir séu þátttakendur í ákvörðunum er varðar nám barna þeirra. Á miðstigi hækkar þetta hlutfall upp í 21% og elsta stigi í rúm 24%.


Á mynd 5 sést að eftirlit foreldra með heimanámi virðist fara stöðugt minnkandi, þegar börnin verða eldri.



Mynd 5 Foreldrar fylgjast vel með heimanámi.

Tæp 13% foreldra á elsta stigi segjast ósammála því að þeir fylgist vel með heimanámi barna sinna en á yngsta stigi er þetta hlutfall aðeins 1,5% og rúm 5% á miðstigi.

Í spurningalista var leitað upplýsinga um afstöðu foreldra til frumkvæðis skóla að samskiptum við foreldra. Spurt var hvort kennarar skólans hefðu rætt við foreldrið um hvernig það gæti aðstoðað barnið sitt við heimanám, hvort samband væri haft heim þegar vel gengi hjá barninu og hvort samstarfið við kennara væri ánægjulegt. Á mynd 6 má sjá hver afstaða foreldra er til ofangreindra spurninga.



Mynd 6: Tengsl kennara við foreldrana.

Rétt tæp 80% foreldra segjast eiga ánægjulegt samband við kennara. Þessi samskipti virðast þó ekki endilega snúast um heimanám eða það sem vel gengur því nærri þriðjungur foreldra segir að kennarar ræði ekki við þau um hvernig þau geta aðstoðað barnið við heimanám sitt og um helmingur svarenda segir að ekki sé haft samband heim þegar vel gengur. Eflaust stafar það einkum af því að kennararnir telji minni þörf á að koma slíkum upplýsingum á framfæri, nema í sérstökum tilvikum.

2.3 Árangur starfs

Í könnuninni voru svarendur beðnir um að svara því hversu sammála þeir væru því að metnaður kennara væri mikill, kennsluáferðir væru fjölbreyttar, kennarar komi fram við nemendur af virðingu og sanngirni, eðlilegar námskröfur væru gerðar til barnsins og hversu sammála þau væru því að viðfangsefnið væru áhugaverð fyrir börnin (tafla 3).


Tafla 3 Frammistaða kennara.

	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>	<i>Veit ekki</i>
Metnaður kennara við skólann er mikill	46,5%	49,1%	2,6%	0,5%	1,4%
Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar	38,7%	50,0%	4,0%	0,8%	6,6%
Kennarar koma fram af virðingu og sanngirni	60,7%	35,2%	2,1%	0,4%	1,6%
Eðlilegar námskröfur eru gerðar til barnsins	50,3%	45,4%	2,5%	0,3%	1,5%
Viðfangsefnin eru áhugaverð fyrir barnið	35,5%	56,3%	5,4%	0,5%	2,3%
Meðaltal:	46,3%	47,2%	3,3%	0,5%	2,7%

Eins og sjá má af töflu 3 eru svarendur að mestu leyti sammála áður nefndum fullyrðingum. Í heild segjast 93,5% foreldra sammála yrðingunum fjórum og fáar spurningar skera sig úr að einhverju marki. Síst virðast menn sammála því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar en ekki fyrir það að þeir séu svo ósammála heldur segja nærri 7% sig ekki vita það.

Í fyrri könnunum var einnig spurt hvort svarendur teldu eðlilegar námskröfur gerðar til nemendanna. Í könnuninni 2003–4 voru jákvæð svör 93,3%, í könnuninni 2003–4 voru þau 93,2% og í þessari könnun eru jákvæðu svörin 95,9%.


Þegar afstaða foreldra til þess hversu sammála þeir eru því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar er skoðuð m.t.t. þess á hvaða skólástigi barn þeirra er kemur í ljós nokkur munur (mynd 7).



Mynd 7 Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar.

Á mynd 7 sést að viðhorf foreldra til kennslu á yngsta stigi er annað en hjá hinum eldri. 94,5% foreldra barna á yngsta stigi er sammála því að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar. Á miðstigi er þetta hlutfall 88% og elsta stigi tæp 80%. Athygli vekur hversu hátt hlutfall foreldra nemenda á mið- og elsta stigi segist ekki vita.

Svipuð tilhneiging kemur fram þegar afstaða foreldra til þess hversu sammála það er því að viðfangsefni barnanna séu áhugaverð (mynd 8).



Mynd 8 Viðfangsefni barnanna eru áhugaverð.

Afar lítil munur er á afstöðu foreldra á mið- og yngsta stigi. Meginmunurinn á afstöðu þeirra felst í því að færri foreldrar á miðstigi segjast mjög sammála en hins vegar er þeir fleiri sem segjast frekar sammála. Afstaða foreldra á elsta stigi greinir sig hins vegar talsvert frá afstöðu foreldra á yngri stigum skólans. Um 10% færri svara því til að þeir séu sammála því að viðfangsefni barnanna séu áhugaverð fyrir þau og 11% segjast ósammála.

2.4 Þjónusta skólans við nemendurna.

Í könnuninni voru foreldrar spurðir nokkurra spurninga er vörðuðu mat þeirra á starfinu í skólanum. Voru foreldrar spurðir út í það hversu sammála þeir væru því að tekið væri af festu á agavandamálum, að skóli barnsins væri góður skóli, að skólinn kæmi til móts við þarfir þess, að barnið fái viðeigandi þjónustu lendi það í erfiðleikum og að markvisst sé unnið gegn einelti í skólanum. Í töflu 4 kemur fram hver afstaða foreldra var til ofangreindra spurninga.


Tafla 4 Þjónusta skólans við nemendur.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Tekið af festu á agavandamálum	33,3%	45,1%	7,4%	2,2%	12,0%
Barnið er í góðum skóla	56,0%	40,2%	1,9%	0,4%	1,5%
Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins	32,9%	50,1%	8,5%	0,9%	7,5%
Barnið fær viðeigandi þjónustu í erfiðleikum	34,0%	33,2%	5,7%	1,8%	25,2%
Markvisst unnið gegn einelti	33,7%	40,5%	6,0%	1,5%	18,2%
Meðaltal:	38,0%	41,8%	5,9%	1,4%	12,9%

Í heild segjast 79,8% sig sammála ofangreindum fullyrðingum. Almennt lýsir fólk sig ekki ósammála fullyrðingunum en hins vegar telur stór hluti foreldra sig ekki vita svör við einstaka spurningar. Milli 9% og 10% foreldra segist ekki sammála því að tekið sé af festu á agavandamálum í skóla barnsins og að hann komi til móts við þarfir þess. Þrátt fyrir þetta segist 96,2% foreldra sig sammála því að barn þess sé í góðum skóla.

Ef niðurstaðan í spurningunni um agavandamálin er borin saman við fyrri kannanir kemur í ljós að 2002–3 var hlutfall jákvæðra svara 68,5%, 2003–4 var það 74,1%. Í þessari könnun hefur þetta hlutfall hækkað upp í 78,3% og má því ætla að betur hafi verið tekið á agamálum í skólunum á þessum tíma. Jafnframt má bera saman hvort börnin fái viðeigandi þjónustu lendi þau í erfiðleikum í skólanum. Þar kemur einnig í ljós að jákvæðum svörum fer fjölgandi. Þannig voru þau 56,3% 2002–3 og 57,4% 2003–4 en eru nú komin upp í 67,3%.

Þegar afstaða fólks til spurningarinnar um að skólinn komi til móts við þarfir barnsins þess er skoðuð m.t.t. skólastiga kemur í ljós að foreldrar nemenda á yngsta stigi lýsa sig almennt sammála því (mynd 9).




Mynd 9 Skólinn kemur til móts við þarfir barnanna.

Aðeins rúm 4% foreldra barna á yngsta stigi lýsir sig ósammála því að skólinn komi til móts við þarfir barnsins. Eftir því sem ofar dregur í skólastigann hækkar þetta hlutfall. Á miðstigi er það tæp 8% og á elsta stigi rúm 9%.

2.5 Aðbúnaður í skólunum

Í könnuninni voru foreldrar spurðir að því hversu sammála þeir væru því að aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum væri góður. Á mynd 10 má sjá hver afstaða foreldra er til aðbúnaðar í skólanum.




Mynd 10. Aðbúnaður nemenda í skólunum.

Eins og sjá má eru langflestir svarenda jákvæðir, 92,9 % þeirra segjast sammála því að aðbúnaður fyrir nemendur sé góður í skólunum. Aðeins rúm 6% segjast því ósammála. Hér er um verulega breytingu að ræða frá fyrri könnunum. Þannig var hlutfall jákvæðra svara 2002–3 69,7% og 2003–4 var það 73,6% en er nú komið upp í 92,9%.

2.6 Viðhorf til skólans

Í spurningalista var leitað eftir afstöðu foreldra til þess hvort þeir væru ánægðir með skólann, hvort þeir teldu sig velkomna í skólann og hvort þeir vildu vera virkari þátttakendur í námi barnsins síns. Á mynd 11 má sjá að langflestir svarenda eru ánægðir með skóla barns síns og telja sig velkomna í skólann. Hins vegar er það aðeins helmingur svarenda sem jatar því að hann vilji vera virkari þátttakandi í námi barnsins síns.



Mynd 11: Viðhorf foreldra til skólans.

Fjórðungur foreldra sækir ekki eftir því að vera virkari þátttakandi í námi barnsins síns og jafnhátt hlutfall segist ekki vita. Svörun við þessari spurningu er athyglisverð í ljósi svörunar við þeirri spurningu hversu sammála viðkomandi er því að hann fái að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins síns en eins og fram kemur í töflu 2 segjast um 75% foreldra sig sammála því, 20% eru því ósammála en 5% vita ekki. Hlutfall þeirra sem eru ósammála og þeirra sem svara neitandi í spurningunum tveim er svipað en hlutfall þeirra sem segjast sammála því að þeir fái að vera þátttakendur í námi barnsins síns er nokkru hærra en þeirra sem svara því játandi að þeir vilji vera virkari þátttakendur í námi barnsins síns.

Viðhorf foreldranna til skólans komu einnig fram í textasvörunum. Megnið af þeim ummælum sem þar komu fram voru á jákvæðum nótum og þar komu m.a. fram eftirfarandi ábendingar:

- Jákvætt hve mikið er unnið með félagstengsl og fylgst með samskiptum barnanna í bekknum.
- Æskilegt að gera skólana sjálfstæðari, þannig að hver skóli geti markað sér ákveðna sérstöðu, sem tekið verði eftir.
- Tel vetrarfríin ekki ná tilgangi sínum, þar sem foreldrarnir eru yfirleitt í vinnu þegar börnin fá vetrarfríin og eru þau því oftast ein heima þann tíma.
- Í skólareglunum er of mikið höfðað til hins neikvæða í stað þess að leggja áherslu á hvað við þurfum að gera svo að okkur líði vel með sjálf okkur og aðra.
- Nokkrar ábendingar komu varðandi starfsemi mótuneytanna, einkum í þá veru að tryggja hollustu matarins en um leið að huga að því að hann sé “barnvænn”.
- Tel skólann frábæran, þar sem mannlegi þátturinn og góð samskipti milli skóla og heimilis eru í hávegum höfð.

3 Umræða

Í könnun þessari er leitast við að svara þeirri meginspurningu hversu ánægðir foreldrar eru með starf grunnskólanna og starfsaðstæður þeirra. Í megindráttum benda niðurstöðurnar til þess að almennt séu foreldrar ánægðir með skóla barnsins síns. Þeir telja að börnum þeirra líði tiltölulega vel í skólanum og árangur þeirra sé í samræmi við væntingar. Foreldrar virðast almennt álíta að þeir fylgist vel með heimanámi barna sinna og að kennarar skili markvissu og metnaðarfullu starfi.

Langflestir þátttakenda í könnuninni telur að börnum sínum líði vel í skólanum (95%) og lítið færri telja árangur barna sinna í samræmi við væntingar sínar og aðbúnað (húsnæði og búnað) fyrir nemendur góðan í skólunum. Af því má ráða að skólunum takist í heildina nokkuð vel til með uppeldis- og fræðsluhlutverk sitt. Almennt virðast svarendur nokkuð sáttir við þau tækifæri sem þeir hafa til virkrar þátttöku í skólastarfinu, þó að einnig komi fram nokkur óvissa um hvort áhrif þeirra hafi aukist milli ára eða ekki.

Við samanburð á könnunum hjá foreldrum grunnskólabarna 2002–‘03, 2003–‘04 og nú 2005–‘06 kemur fram að ánægja með grunnskólann fer vaxandi (tafla 5).

Tafla 5: Ánægja foreldra með grunnskólann 2001–2006.

<i>Ánægja með grunnskólann.</i>	<i>Mjög eða frekar sammála</i>		
	<i>2002–‘03</i>	<i>2003–‘04</i>	<i>2005–‘06</i>
<i>Ég er ánægður með skóla barnsins míns.</i>	95,5%	96,6%	96,2%
<i>Barninu mínu líður vel í skólanum.</i>	92,4%	94,1%	94,9%
<i>Skólinn tekur af festu á agavandamálum sem upp koma.</i>	68,6 %	74,1%	78,4%
<i>Árangur barnsins míns er í samræmi við væntingar mínar.</i>	89,8%	89,8%	91,6%
<i>Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum góður.</i>	69,7 %	73,6 %	92,9%
<i>Meðaltal:</i>	83,2 %	85,7 %	90,8%

Á þessum samanburði kemur glögg fram að í flestum tilvikum er um hlutfallslega hækkun að ræða frá fyrri könnunum. Mesta breytingin er þó á afstöðu foreldra til þess hvernig skólinn tekur á agavandamálum sem upp koma og þá hefur veruleg breyting orðið á viðhorfi foreldra til aðbúnaðar í skólanum.

Svipaðrar tilhneigingar gætir þegar breyting á afstöðu foreldra til þess hvernig skólinn mætir þörfum barnanna er skoðuð frá 2002–‘06 (tafla 6).

Tafla 6: Afstaða foreldra til þess hvernig skólinn mætir þörfum barnanna.

<i>Hvernig grunnskólinn mætir þörfum barnanna.</i>	<i>Mjög eða frekar sammála</i>		
	<i>2002–‘03</i>	<i>2003–‘04</i>	<i>2005–‘06</i>
<i>Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns.</i>	84,7%	86,8%	83,0%
<i>Í skólanum eru gerðar eðlilegar námskröfur til barnsins míns.</i>	93,3%	93,2%	95,7%
<i>Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu skólans ef það lendir í erfiðleikum.</i>	56,3%	57,3%	67,3%
<i>Viðfangsefni í skólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.</i>	89,3%	88,9%	91,8%
<i>Meðaltal:</i>	80,9%	81,6%	84,5%

Meðal foreldra virðist almennt gæta aukinnar ánægju með það hvernig grunnskólinn mætir þörfum barnanna þegar afstaða þeirra er skoðuð til spurninganna fjögurra sem saman standa í þessum þætti. Hins vegar er athyglisvert að þegar afstaða foreldra til þeirrar spurningar einnar hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins þess er skoðuð kemur í ljós að ánægja foreldra virðist fara dvínandi milli ára 2003–‘04 og 2005–‘06. Ekki er hægt að sjá úr könnuninni hvað kann að valda þessu. Hins vegar virðast foreldrar vera ánægðari með þær námskröfur sem skólinn gerir til barna þeirra, ánægðari með þá þjónustu sem barnið fær lendi það í erfiðleikum og það að viðfangsefni í skólanum sýnist áhugaverð. Það sem helst sker sig úr hér er afstaða foreldra til þjónustu skólans lendi barnið í erfiðleikum en foreldrar lýsa sig síst sammála því að hún sé viðeigandi. Það hlýtur að vera nokkuð sem skólarnir þurfa að íhuga.

Á undanförunum árum hefur átt sér stað umræða um aukinn þátt foreldra í skólastarfi og í nýrri skólastefnu Akureyrarbæjar er áhersla lögð á þátttöku foreldra í námi barna sinna. Þar er áhersla lögð á að frumábyrgð á uppeldi og menntun hvíli hjá foreldrum en hlutverk skóla sé að annast formlega fræðslu og taka þátt í félagsmótun barna og unglinga. Þessi sameiginlega ábyrgð kallar á nán tengsl og felur í sér nauðsyn endurskoðunar á réttindum og ábyrgð hvors aðila. Í stefnunni segir að sammæli þurfi að takast milli aðila með hvaða hætti foreldrar geta gerst aðilar að því starfi sem fram fer í skólanum er tryggir aukna þátttöku þeirra, ábyrgð og skyldur gagnvart námi alla skólagöngu barnsins.¹

Í könnuninni kemur fram að 75% foreldra sem þátt taka í könnuninni eru sammála því að þau fái að vera þátttakendur í ákvörðunum varðandi nám barns síns. Þó að um fjórðungar svarenda telji sig ekki vera þátttakendur í ákvörðunum varðandi nám barna sinna, þá er erfitt að meta hvort það sé vegna þess að viðkomandi foreldrar hafi takmarkaðan áhuga fyrir því eða hvort skólinn bjóði ekki upp á næga möguleika fyrir foreldrana til að hafa áhrif á nám barna sinna. Ánægjulegt er að æ fleiri foreldrar segjast fá að vera þátttakendur í ákvörðunum er varða nám barna sinna þegar afstaða þeirra er skoðuð milli ára (tafla 7).

¹ Skólastefna Akureyrarbæjar 2006:8.

Tafla 7: Þátttaka foreldra í námi barna sinna 2002–2006.

<i>Þátttaka foreldra og samstarf við skólann.</i>	<i>Mjög eða frekar sammála</i>		
	<i>2002–03</i>	<i>2003–04</i>	<i>2005–06</i>
<i>Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins.</i>	65,7%	69,2%	75,1%
<i>Ég fylgist vel með heimanámi barnsins míns.</i>	93,4%	92,4%	93,9%
<i>Ég fæ að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins míns nú en í fyrra.</i>	34,1%	36,3%	53,0%
<i>Meðaltal:</i>	63,8%	65,6%	74,0%

Um 10% fleiri foreldra svara því nú að þeir fái að vera þátttakendur í ákvörðunum er varða nám barnsins síns en svöruðu árið 2002–’03. og þá eru fast að 20% fleiri sem svara sig sammála því að þeir fái að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins síns en þeir gerðu í fyrra. Hér er greinileg þróun í ákveðna átt í starfi skólanna á Akureyri.

Langflestir svarenda, eða um 94%, telja að þau fylgist vel með heimanámi barna sinna, sem að sjálfsögðu er liður í því að vera þátttakendur í framvindu á námi barnanna. Niðurstöður benda til að foreldrar unglinga í 8.–10. bekk fylgjast síður með heimanáminu. Má ef til vill rekja minna eftirlit foreldra með heimanámi til skólans sem markvisst ýtir undir sjálfstæði nemenda hvað þetta varðar og felur nemendum meiri ábyrgð. Ef til vill ætlast foreldrar einnig til að börn þeirra taki meiri ábyrgð á námi sínu og treysti þeim til að axla ábyrgðina, jafnvel vita af reynslu að þau axla hana.

Í könnuninni sem nú var lögð fyrir foreldra var spurt um þætti er ekki var spurt um í fyrri könnunum. Þetta voru atriði er vörðuðu frammistöðu kennara. Könnunin gefur ljóslega til kynna að svarendur telja almennt að kennarar grunnskólanna skili markvissu og góðu starfi. Það má meðal annars marka af því að tæplega 94 % svarenda eru mjög eða frekar sammála þeim 5 fullyrðingum sem settar eru fram um metnað kennaranna, fjölbreytni kennsluáðferða, sanngirni og virðingu þeirra gagnvart nemendum, eðlilegar námskröfur og viðfangsefni sem séu áhugaverð fyrir börnin. Hins vegar kemur fram að kennarar sinna því misvel að koma upplýsingum um gengi nemenda á framfæri við foreldra. Sérstaklega á þetta við um að láta vita þegar vel gengur hjá nemandanum. Eflaust stafar það einkum af því að kennararnir telji minni þörf á að koma slíkum upplýsingum á framfæri, nema í sérstökum tilvikum.

Almennt verður að telja að foreldrar séu ánægðir með skóla barna sinna. Þó að aðeins 83% foreldra telji að skólinn komi nokkuð vel til móts við þarfir barnanna þá segjast liðlega 96% þeirra sammála því að börn þeirra séu í góðum skóla. Þessi niðurstaða bendir til þess að grunnskólar á Akureyri þurfa að gera enn betur í því að leita leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda sinna. Hvort ástandið að þessu leyti í grunnskólum Akureyrar er ólíkt öðrum skólum er ekki hægt að fullyrða neitt um en ljóst má vera að mjög víða eru kennarar og skólastjórnendur að glíma við þetta viðfangsefni. Vitnar þar um sú mikla umræða sem nú á sér stað í skólasamfélaginu hér á landi og víðar um heim um einstaklingsmiðun í námi.

Í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að margir svarendur telja sig ekki vita nóg til að taka afstöðu til sumra fullyrðinganna. Á þetta einkum við þegar spurt er um þjónustu við börn í erfiðleikum eða hvernig tekið er á agavandamálum og einelti. Búast má við að margir þeirra sem taka ekki afstöðu til þessara fullyrðinga telji að

ekki hafi reynt á þessi atriði gagnvart þeirra börnum. Má velta því fyrir sér hvers vegna hlutfall þeirra sem vita ekki í spurningunum um viðeigandi þjónustu og vinnu gegn einelti er svo hátt. Ef til vill vantar að kynna betur þjónustuna sem stendur til boða. Hugsanlegt er að foreldrar séu vitandi um þjónustuna en telja ekki víst að hún eigi við þeirra barn.

Í þeim tilvikum sem skoðaðar voru mismunandi niðurstöðum eftir aldri barna svarenda kom í ljós að í öllum tilvikum voru fleiri sammála fullyrðingunum hjá foreldrum nemenda í 1.–4. bekk heldur en í efri árgöngunum. Sú niðurstaða þarf e.t.v ekki á óvart þar sem uppeldishlutverkið verður gjarnan erfiðara eftir því sem börnin eldast og þau sjálfstæðari. Fleiri þættir togast þá á í afstöðu foreldra til ýmissa uppeldismála meiri hættu verður á árekstrum við skóla. Því er svo mikilvæg sú áhersla sem skólastefna Akureyrarbæjar leggur á gagnkvæmt samstarf á milli heimilis og skóla sem byggir á trausti og virðingu og að leitað sé leiða til virkrar þátttöku foreldra í skólalastarfinu.

4 Lokaorð

Með þessari könnun hafa verið gerðar þrjár sambærilegar kannanir í grunnskólum Akureyrarbæjar á liðnum fjórum skólaárum á viðhorfi foreldra barna í skólunum til starfs skólanna, starfsaðstæðna og þjónustu. Með þessum hætti er fylgt eftir þeirri áherslu sem birtist í skólastefnu Akureyrarbæjar að leggja með reglubundnu millibili fyrir viðhorfskannanir sem nauðsynlegar eru til að meta gæði skólastarfs, kynna niðurstöður og leggja fram tillögur til úrbóta. Samhliða könnunum á viðhorfi foreldra er leitað viðhorfs kennara og starfsfólks ásamt því að leitað upplýsinga um líðan nemenda.

Þótt afstaða foreldra til þess hvort þeir séu mjög eða fremur sammála einstökum fullyrðingum er varða starf skólanna og aðstöðu sé mismunandi verður ekki annað ráðið en að almennt sé foreldrar ánægðir með starf, starfsaðstöðu og þjónustu grunnskólanna. Foreldrar virðast almennt jákvæðari í þessari könnun en var í fyrri hliðstæðum könnunum. Almennt virðast foreldrar telja að börnum þeirra líði vel í skólanum og að árangur þeirra sé í samræmi við væntingar. Foreldrar telja metnað kennara mikinn, þeir komi fram af virðingu og sanngirni við nemendur, námskröfur sem gerðar eru til barnsins séu eðlilegar og viðfangsefnin séu áhugaverð. Þótt flestir foreldra séu sammála því að kennsluáðferðir séu fjölbreyttar er nokkur hópur sem segist ekki vita. Þegar foreldrar eru beðnir um að taka afstöðu til þjónustu skólans ber nokkuð á því að þeir telja sig ekki vita. Þetta á við um þætti eins og hvort tekið er af festu á agavandamálum, hvort barnið fái viðeigandi þjónustu í erfiðleikum og hvort markvisst sé unnið gegn einelti í skólanum. Hér virðast foreldrar einnig vera reiðubúnari að svara sig frekar sammála en mjög sammála fullyrðingunum. Að þessu þurfa skólarnir greinilega að gefa gaum. Af niðurstöðum má einnig ráða að almennt telja foreldrar að aðbúnaður í skólunum hafi batnað frá því skóladeild hóf að gera viðhorfskannanir meðal þeirra. Jafnframt benda niðurstöður til að skólarnir þurfa að gefa tengslum foreldra við skólann betur gaum og leita leiða til að gefa þeim aukin tækifæri til ábyrgtar þátttöku í námi barna sinna og uppeldi.

Þegar fyrir liggja niðurstöður úr nýjum könnunum hjá starfsfólki grunnskólanna og væntanlegum könnunum hjá nemendum í 4 –10. bekk, þá gefst tækifæri til að bera niðurstöður þessara mismunandi kannana saman, þar sem um hliðstæðar spurningar er að ræða.

5 Fylgiskjal

Spurningalisti til foreldra

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Barnið er nemandi í _____ bekk í _____-skóla

Sá sem svarar: móðir faðir báðir foreldrar

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir. Mundu að númera hverja athugasemd með númeri spurningarinnar sem hún á við ef skrifað er aftan á blaðið.
1	Hversu sammála ertu því að barninu þínu líði vel í skólanum?						
2	Hversu sammála ertu því að metnaður kennara við skólann sé mikill?						
3	Hversu sammála ertu því að kennsluaðferðir kennara barnsins þíns séu fjölbreyttar?						
4	Hversu sammála ertu því að skólinn taki af festu á agavandamálum sem upp koma?						
5	Hversu sammála ertu því að árangur barnsins þíns sé í samræmi við væntingar þínar?						
6	Hversu sammála ertu því að aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum sé góður?						

Spurningalisti foreldra

7	Hversu sammála ertu því að þú fáið að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins þíns?						
8	Hversu sammála ertu því að skóli barns þíns sé góður skóli?						
9	Hversu sammála ertu því að þú fylgist vel með heimanámi barnsins þíns?						
10	Hversu sammála ertu því að kennarar komi fram af virðingu og sanngirni við barnið þitt?						
11	Hversu sammála ertu því að unnið sé skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu?						
12	Hversu sammála ertu því að þú fáið að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins þíns nú en á síðasta skólaári?						
13	Hversu sammála ertu því að skólinn komi til móts við þarfir barnsins þíns?						
14	Hversu sammála ertu því að í skólanum séu gerðar eðlilegar námskröfur til barnsins þíns?						
15	Hversu sammála ertu því að barnið þitt fái viðeigandi þjónustu af hálfu skólans lendi það í erfiðleikum?						
16	Hversu sammála ertu því að viðfangsefni í skólanum séu áhugaverð fyrir barnið þitt?						
17	Hversu sammála ertu því að markvisst sé unnið að því að koma í veg fyrir einelti í skólanum?						

Spurningalisti foreldra

Svaraðu eftirfarandi spurningum með því að merkja við já, nei eða veit ekki.

		Já	Nei	Veit ekki	
18	Ertu ánægð/-ur með skóla barnsins þíns?				
19	Hafa kennarar skólans rætt við þig um hvernig þú getur aðstoðað barnið þitt við heimanám?				
20	Hefur kennari barnsins þíns samband við þig þegar vel gengur hjá því?				
21	Finnst þér þú sem foreldri vera velkomin/-n í skólann?				
22	Finnst þér samstarfið við kennara vera ánægjulegt?				
23	Er viðhorf barnsins þíns til skólans jákvætt?				
24	Vildir þú fá að vera virkari þátttakandi í námi barnsins þíns?				